

Minnisblað

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Sendandi: Ríkisendurskoðun

Dags.: 19. febrúar 2020

Varðar: Þingmáls 362 – þskj. 431 frumvarp til laga um vernd uppljóstrara.

Á fundi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis með ríkisendurskoðanda þann 18. febrúar 2020 greindi ríkisendurskoðandi frá fyrirkomulagi um uppljóstraravernd í Færeyjum og í kjölfarið óskuðu nefndarmenn eftir upplýsingum um hvernig vernd uppljóstrara væri háttað í öðrum nágrannaríkjum okkar.

Danmörk: Þar í landi hafa ekki verið settar sérstök lög um vernd uppljóstrara.

Noregur: Ákvæði um uppljóstraravernd eru lögfest í norsku vinnuverndarlögin. Líkt og íslenska frumvarpinu er gert ráð fyrir innri og ytri uppljóstrun. Bærir aðilar til að taka á móti ytri uppljóstrun eru auk fjölmiðla, allir opinberir stjórnvöldum sem hafa það hlutverk að framfylgja, hafa eftirlit með eða fylgjast með að lögum og reglum sé fylgt. Þá hafa leiðbeiningarnar að geyma upptalningu á helstu stjórnvöldum sem eru móttökuskyld. Ríkisendurskoðun Noregs er **ekki** þar á meðal.

Svíþjóð: Heildarlög um uppljóstraravernd tóku gildi 1. janúar 2017. Samkvæmt lögnum er ytri uppljóstrun heimil hafi innri uppljóstrun ekki skilað árangri. Stjórnvöld eru réttir aðilar til að taka á móti ytri uppljóstrunum. Ríkisendurskoðun Svíþjóðar er þar ekki sérstaklega tilgreind.

Bretland: Samkvæmt lögum um uppljóstrarvernd er hægt að hafa samband við tiltekin stjórnvöld þ. á m. ríkisendurskoðanda (auditor general).

Holland: Með breytingum á hollenskum lögum um uppljóstraravernd var komið á fót sérstakri stofnun sem tekur á móti ytri uppljóstrunum.

Reykjavík, 19. febrúar 2020

Skúli Eggert Þórðarson

Guðrún Jenný Jónsdóttir

